

Þingsályktun

um dreifingu sjónvarps og útvarps.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar gera kostnaðar- og framkvæmda-áætlun um að útsendingar Ríkisútvarpsins, þ.e. hljóðvarps og sjónvarps, náist hvar sem er á landinu og á helstu fiskimiðum við landið.

Áætlunin miðist við að hægt verði að framkvæma þetta verkefni fyrir árslok 1991.

Samþykkt á Alþingi 11. maí 1988.

